

málsatvikum nú hefir verið lýst, og með tilliti til fortiðar kærða nægilega sannað, að hann hafi, frá því hann síðast var dæmdur fyrir áfengissölu, gerzt sekur um sölu áfengis, og ber að heimfæra brot hans undir 15. sbr. 33. gr. áfengislaganna nr. 33 9. janúar 1935. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 60 daga og 2500 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 75 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Axel Ármann Þorsteinsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 60 daga og greiði 2500 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 75 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 12. janúar 1940.

Nr. 90/1939. Réttvísing og valdstjórnin

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

Steingrími Magnúsi Guðmundssyni

(Jón Ásbjörnsson).

Líkamsárás.

Dómur hæstaréttar.

Í framhaldsprófum í máli þessu hefir það verið upplýst, að Gunnar Sigursveinn Arnbjarnarson hafi komið nokkuð oft í íbúð Þorsteins Þorsteinssonar á Njálsgötu 15 A og neytt þar vins, einkum að kvöldi til, og má telja það komið í ljós, að það hafi haft í för með sér nokkur óþægindi fyrir húsráðendur, for-

eldra ákærða. Ákærði hafði því ástæðu til að bægja Gunnari frá inngöngu í húsið eftir miðnætti aðfaranótt 12. maí 1939, enda var Gunnar þá undir áhrifum áfengis. Hinsvegar verður að telja, að ákærði hafi beitt óþarflega mikilli harðneskju, er hann varnaði Gunnari inngöngu, og geti því ekki komizt hjá því að sæta refsingu fyrir áverka þann, er Gunnar hlaut í viðskiptum þeirra. Varðar brot hans við 205. gr. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869, og þykir refsing fyrir það hæfilega ákveðin 300 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá því að ákærða verður tilkynnt, að refsíákvæði dóms þessa verði fullnægt, ef því verður að skipta. Með skirskotun til þess, að málsbætur voru fyrir hendi, eins og að ofan segir, þykir mega ákveða frestun á fullnustu refsingarinnar samkvæmt lögum nr. 57/1933, og niður skal hún falla að fimm árum liðnum, ef skilorð laga nr. 39/1907 verða haldin.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu skaðabóta og sakarkostnaðar í héraði skulu vera óröskuð. Svo verður og að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 120 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Steingrímur Magnús Guðmundsson, greiði 300 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá því, er honum verður tilkynnt, að refsíákvæði dóms þessa verði fullnægt, ef því verður að skipta. En fresta skal

fullnustu refsingarinnar, og niður skal hún falla að 5 árum liðnum, ef skilorð laga nr. 39/1907 verða haldin.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu skaðabóta og sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð. Svo greiði ákærði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Einars B. Guðmundssonar og Jóns Ásbjörns-sonar, 120 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 13. júlí 1939.

Ár 1939, fimmtudaginn 13. júlí, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var á lögreglustöðinni af hinum reglulega dómara, Jónatan Hallvarðssyni, settum lögreglustjóra, uppkveðinn dómur í málinu nr. 1414/1939: Réttvisin og valdstjórnin gegn Steingrими Magnúsi Guðmundssyni, sem tekið var til dóms þann 22. júní s. l.

Mál þetta er af réttvisinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Steingrими Magnúsi Guðmundssyni, bifreiðarstjóra, til heimilis á Njálsgötu 15 A hér í bæ, fyrir brot gegn 18. kap. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

Ákærður er kominn yfir lögdur sakamanna, fæddur 22. apríl 1907, og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærur og refsingum:

1930 $2\frac{5}{4}$ Sátt: 15 kr. sekt fyrir bifreiðalagabrot.

1930 $2\frac{5}{10}$ Áminning fyrir afturljósleysi á bifreið.

1931 $2\frac{0}{3}$ Sátt: 250 kr. sekt fyrir bannlagabrot.

1931 $3\frac{0}{3}$ Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1935 $1\frac{3}{4}$ Sátt: 5 kr. sekt fyrir afturljósleysi á bifreið.

1936 $1\frac{0}{12}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 50 kr. sekt fyrir brot gegn 48. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

ur, en sýknaður af ákæru réttvisinnar fyrir brot gegn 12. kap. alm. hegningarlaga.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Á neðri hæð hússins Njálsgötu 15 A býr eigandi hússins, Guðmundur Guðmundsson, og sonur hans, ákærður, en á efri hæðinni Þorsteinn Þorsteinsson, bifreiðastöðvarstjóri. Þannig hagar til, að af sömu útitróppunum, sem eru nokkuð háar steintröppur, sem glögglega sjást frá götunni, liggja tveir inngangar í húsið, annar inn á neðstu hæðina, en hinn inn á þá efri, og er sá síðarnefndi fjær götunni.

Að kvöldi fimmtudagsins 11. maí s. l. var Gunnar Sigur Sveinn Arnbjarnarson, bifreiðarstjóri, Hörpugötu 23, staddur í íbúð Þorsteins Þorsteinssonar ásamt Þorsteini og öðrum manni, og voru þeir við skál, og kveðst Gunnar hafa verið nokkuð undir áhrifum áfengis, þegar það atvik gerðist, er mál þetta fjallar um. Kl. að ganga eitt um nóttina hringdi Gunnar á bifreiðastöðina Bifröst og bað um, að sér yrði send bifreið að húsinu Njálsgötu 13, en hann bað um, að hún yrði stöðvuð þar sökum þess, að annars kynni fólkið á neðri hæðinni á Njálsgötu 15 A að verða fyrir ónæði af komu hennar. Bifreið kom og nam staðar framan við húsið nr. 13. Þegar Gunnar bjóst við, að bifreiðin væri að koma, fór hann út úr húsinu, en lokaði ekki á eftir sér útidyrnum. Hann gaf bifreiðarstjóránunum merki og ætlaði síðan að fara inn aftur til að kveðja. Ákærður hafði heyrt inn á neðri hæðina, að gengið var út úr húsinu og útidyrhurðinni var ekki lokað. Hann gekk því út á húströppurnar, en þegar hann kom þangað, var Gunnar að koma að útidyrnum, sem liggja að ganginum upp á efri hæðina. Ákærður gekk í veg fyrir Gunnar og sagði, að það kæmi ekki til mála, að hann færi inn í húsið að nóttu til drukkinn.

Nú greinir Gunnar og ákærðan á um, hvað gerðist. Frá sögn Gunnars er á þá leið, að hann kveðst hafa sagt ákærðum, að hann þyrfti að fara inn, en ætlaði síðan að fara. Ákærður hafi þá slegið sig á nefið, svo að hann hafi fengið fossandi blóðnasir. Kveðst hann þá hafa spurt ákærðan, hvað þetta ætti að þýða, en þá hafi ákærður slegið undan sér fæturna og barið sig heljar mikið högg á augað, þar sem hann lá, og síðan hent sér niður tröppurnar. Ákærður skýrir svo frá, að þegar hann hafi sagt Gunnari, að ekki kæmi til mála, að hann færi inn í húsið, hafi Gunnar ætlað

að ryðjast inn, en ákærður hafi þá staðið fyrir og varnað honum inngöngu. Hafi orðið úr þessu fangbrögð og ryskingar þeirra á milli, og Gunnari tekizt að ryðja ákærðum inn í forstofuna, og þar hafi þeir skolið báðir í stigann, en tröppur hans eru með járnbrúnum. Ryskingarnar hafi haldið áfram og ákærður tekizt að koma Gunnari út á tröppurnar, og þar hafi þeir velzt um og eitthvað niður í tröppurnar, en þar hafi ákærður staðið upp og gengið inn og þannig skilið með þeim. Hefir ákærður eindregið neitað að hafa slegið Gunnar í þessari viðureign eða hrint honum eða hent niður tröppurnar.

Að þessari viðureign var, svo vitað sé, einungis eitt vitni, Páll Þórðarson, bifreiðarstjóri, sá er stýrði bifreið þeirri, er beið Gunnars úti á götunni.

Hann hefir skýrt svo frá, að þegar Gunnar ætlaði inn, hafi ákærður bannað honum inngöngu. Sá nú vitnið, að Gunnar datt inn úr dyrunum og að ákærður fór inn á eftir honum, en kom mjög skjótt út aftur og ýtti Gunnari á undan sér fram á tröppubrúna, en þegar þangað var komið, sló hann Gunnar höfuðhögg, og hentist Gunnar því niður tröppurnar, skall utan í húsvegginn og lá fyrir neðan tröppurnar, þegar hann nam staðar, en stóð brátt upp.

Vitnið hefir sagzt ekki hafa séð Gunnar gera neitt á hluta ákærðs og ekki einu sinni verja sig, og virtist vitninu hann helzt ekki átta sig á, hvað væri að gerast.

Síðar hefir vitnið tekið fram, að það vilji ekki fullyrða, að Gunnar hafi ekki varið sig eða streitzt á móti ákærðum.

Vitnið hefir staðfest framburð sinn með eiði.

Daginn eftir að atvik þessi gerðust, skoðaði Sveinn Pétursson læknir Gunnar, og segir í vottorði hans um þá skoðun á þessa leið: „Hægra auga er sokkið af bólgu og húðin allt í kring um augað er rispuð og sprungin. Við augað sjálft virðist ekkert vera að athuga. Á enni hægra megin er húðin skröpuð af á 4×2 cm svæði. Nefið er stokkbólgið með smásári ofan á nefinu. Það er mjög aamt viðkomu, og öll merki upp á brest í nefbeininu.“

Þá hefir verið lagt fram undir rannsókn málsins vottorð sama læknis, dags. 13. f. m., svo hljóðandi: „Gunnar Arnbjarnarson, Hörpugötu 23, hefir verið skoðaður af háls-, nef- og eyrnasérfræðingi (E. Gunnarssyni), er telur brest í nefbeini h. megin. Einnig er nefið skakkt og hnútur hægra

megin. Ef á að rétta nefið, verður að öllum líkindum að brjóta það upp aftur.“

Rétturinn lítur svo á, að byggja verði dóm af (svo) hinum eiðfesta framburði vitnisins, svo langt sem hann nær, studdum af framburði Gunnars. Vitnið hefir eigi getað borið glöggt um staðreyndir í upphafi viðureignarinnar og þar til þeir Gunnar og ákærður komu aftur út úr dyrunum. Þykir því eigi vera unnt að segja um það með vissu, hvor þeirra, ákærði eða Gunnar, átti upptökin að handalögmáli þeirra eða ryskingum, og verður vafi um það atriði ákærðum til hags. En þó að svo hafi verið, að Gunnar hafi átt upptökin, gaf atferli hans, eftir að þeir komu út úr dyrunum og vitnið fylgdist með hverri þeirra hreyfingu, ákærðum eigi heimild til að leika hann svo sem hann gerði, og þar sem þau meiðsli hlutust af viðureign þessari, sem framannefnd vottorð lýsa, þykir ákærður hafa gerzt brotlegur við 205. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 og 3. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

Refsing ákærðs þykir hæfilega ákveðin 150 króna sekt til rikissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Gunnar Sigursveinn Arnbjarnarson hefir krafizt þess, að ákærður verði í máli þessu dæmdur til að greiða sér í skaðabætur kr. 44,00 fyrir læknishjálp, lækniSSkoðun og fatahreinsun, kr. 30.00 fyrir vinnutap í 2 daga og kr. 600.00 fyrir nefbrot, glóðarauga, önnur óþægindi og sársauka, er af framanlýstri viðureign hlaut, eða alls kr. 674,00.

Til vara hefir hann krafizt þess, að sér verði tildæmdar þær skaðabætur, er hæfilegar þyki.

Þessum kröfum hefir ákærður mótmælt á þeim grundvelli, að hann telji sig enga sök eiga á meiðslum Gunnars.

Þar sem sú niðurstaða er fengin, að ákærður hafi á refsiverðan hátt átt sök á meiðslum Gunnars, verður að dæma hann til greiðslu hæfilegra skaðabóta. Fyrir fyrsta kröfuliðnum, kr. 44.00, hefir Gunnar lagt fram reikninga, og verður hann því tekinn til greina. Annar kröfuliðurinn þykir nægilega réttlættur og verður tekinn til greina. Þriðji kröfuliðurinn, kr. 600.00, er þess eðlis, að illt er að ákveða, hvaða upphæð sé hæfileg. Óvarlegt er að taka kröfuna til greina að fullu og þykir eftir atvikum hæfilegt að dæma

300 króna bætur samkvæmt þessum lið. Samkvæmt þessu verður ákærður því dæmdur til að greiða Gunnari kr. 374,00 í skaðabætur.

Ákærðan ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Adolps Bergssonar lögfræðings, kr. 50,00.

Rekstur málsins hefir verið vitalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Steingrímur Magnús Guðmundsson, greiði 150 króna sekt til rikissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði Gunnari Sigursveini Arnbjarnarsyni kr. 374,00 innan 15 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Adolps Bergssonar lögfræðings, kr. 50.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 15. janúar 1940.

Nr. 102/1939. **Valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)
gegn

Berent Karli Berentssyni
(Lárus Jóhannesson).

Ólögleg áfengissala.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt ástæðum þeim, sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, ber að staðfesta hann.

Samkvæmt þessum málslyktum ber að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur til hvors.